

Til Sólveigar Pétursdóttur, form. allshn.
Frá Helga Bern. *Alþingi*

Erindi nr. P 117 1870
komudagur 16/3 1994

Athugasemd
um lagatæknilegt atriði
í frumvarpi til laga um mannréttindasáttmála Evrópu.

Í frumvarpi á þingskjali 105, 102. mál, um mannréttindasáttmála Evrópu, segir í síðari mgr. 1. gr. að samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis með áorðnum breytingum og samningsviðauka nr. 1, 2, 4, 6 og 7 séu birtir sem fylgiskjal með lögum þessum á íslensku, ensku og frönsku.

Ég vil vekja athygli nefndarinnar á því að það óeðlilegt og ekki í samræmi við venju að taka í íslensk lög texta á erlendum málum nema slíkt hafi sérstaka þýðingu. Þess eru nokkur dæmi að erlendir textar séu lögteknir, en þá er helst um að ræða löggildingu tvíhliða samninga (álbræðsla); svo er þó ekki alltaf, sbr. lög 65/1951 (brbl.) og 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess; þeir samningar voru birtir einungis á íslensku með lögnum, en varnarsamningurinn í heild birtur á íslensku og ensku, svo sem venja er til, með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Ekki er að sjá af mannréttindasáttmálanum sjálfum, sbr. niðurlagsákvæði hans í 66. gr. þar sem segir að sáttmálinn sé gerður á ensku og frönsku og þeir textar séu jafngildir báðir, að þau ákvæði skipti nokkru máli fyrir lögtöku sáttmálans á Íslandi. Eðlilegt hlýtur því að vera að lögtaka hann á íslensku, í þýðingu sem gerð er af löggiltum þýðendum og sérfræðingum. Hin enska og franska gerð sáttmálans er birt í frumvarpinu og eru sem slíkar eðlileg skýringargögn, en eiga ekki erindi í Stjórnartíðindi og lagasafn. Í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins á bls. 90 segir að sérfræðingar hafi af þessu tilefni farið yfir þýðinguna eins og hún var birt á sínum tíma í Stjórnartíðindum og henni verið breytt og hún lagfærð í ýmsum atriðum.

Þess má geta að þegar samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði var löggiltur á síðasta þingi var aðeins lögtekinn hin íslenska gerð hans. Þá er því enn fremur við að bæta að þegar mannréttindasáttmálinn var lögtekinn í Danmörku fyrir tveimur árum var einungis hinn danski texti lögtekinn.

Ég vil því benda nefndinni á að breyta má niðurlagi 2. mgr. 1. gr. frv. á þann veg að samningurinn og viðaukar séu birtir sem fylgiskjal með lögum þessum en fella brott orðin „á íslensku, ensku og frönsku“.